

# Tónfræði G1


Tónfræði G1 er ætluð byrjendum í tónfræði sem hafa nýlega tekið eða stefna að því að taka fyrsta stigs próf á hljóðfæri sitt. Í henni er lagður grunnur að tónfræðináminu og skiptist námið í tvo meginþætti: tónfræði og tónheyrn.

## Námsefni:

*Tónfræði I* eftir Aagot V. Óskarsdóttur og Guðrúnu S. Birgisdóttur (1. hluti)-lesbók og verkefnahefti

*Tónheyrnarverkefni 1* eftir Guðfinnu Guðlaugsdóttur

*Vinnubók í tónheyrn* eftir Guðfinnu Guðlaugsdóttur eða mappa/bók með auðum nótnablöðum



Bækurnar fást í Vaski.

Hér að neðan má sjá námsmarkmið fyrir Tónfræði G1.

# Tónfræði

## **Nótnaritun**

Nemandi

- geti beitt eftirtöldum hugtökum nótnaritunar: nótnaháls, nótnahöfuð (nótnahaus), nótnastrengur, þagnarmerki (þögn).
- þekki og skilji eftirtalin lengdargildi nótna ásamt samsvarandi þögnum: heilnóta, hálfnóta, fjórðapartsnóta, áttundapartsnóta, sextándapartsnóta.
- hafi náð góðum tókum á eftirtöldum ritreglum í skráningu tónlistar: stefnu og stöðu nótnahálsa, fána og bjálka.
- kunni skil á hækkunarmerkjum, lækkunarmerkjum og afturköllunarmerkjum.
- kunni skil á nótnaritun í G-lykli.
- þekki og skilji eftirfarandi hugtök og samsvarandi ták: niðurlagsmerki (lokastrík) og endurtekningarmerki.
- þekki nótnanöfn á hljómborði.

## **Hrynur**

Nemandi

- hafi öðlast skilning á og geti beitt eftirtöldum hugtökum: hrynur, taktur, takttegund, taktstrík, taktvísir.
- geti beitt eftirfarandi taktvísum: 2/4, 3/4, 4/4.
- hafi þjálfast í að greina eftirtaldar takttegundir á blaði: 2/4, 3/4 og 4/4.

## **Orð og ták**

Nemandi

- skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökum og táknum: f, forte, ff, fortissimo, p, piano, pp, pianissimo, mf, mezzoforte, mp, mezzopiano, crescendo og diminuendo.
- skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökum: largo, andante, allegro.

# Tónheyrn

## Hrynur

Nemandi

- hafi náð grundvallartökum á taktslætti í tvískiptum takti.
- skilji, geti beitt, flutt, greint á blaði og eftir heyrn eftirfarandi lengdargildi og hrynmyndur:



- geti greint, lesið, endurtekið eftir heyrn og skráð eftir heyrn framangreind lengdargildi og hrynmyndur.
- hafi þjálfast í að botna hrynendingar í 2/4, 3/4 og 4/4.
- geti endurtekið eftir heyrn stutt hryndæmi þar sem fyrir geta komið framangreind lengdargildi og hrynmyndur.
- geti skráð eftir heyrn stutt hryndæmi í 2/4 og 3/4 þar sem fyrir geta komið framangreind lengdargildi og hrynmyndur.

## Laglína og tóntegundir

Nemandi

- hafi þjálfast í söng tónstiga, tónbila og þríhljóma.
- geti endurtekið dúrtónstiga eftir heyrn.
- geti greint dúrtónstiga eftir heyrn.
- geti greint eftir heyrn skrefahreyfingar og stökk.
- geti endurtekið eftir heyrn stuttar laglínur í tví- og þrískiptum takti í dúr þar sem fyrir kemur skrefagangur og/eða hljómnótur í grunnhljómi viðkomandi tóntegundar.
- geti sungið eða blístrað við fyrstu sýn ritaðar laglínur í C-, G- og F-dúr innan fimmundar þar sem fyrir koma hljómnótur í grunnhljómi viðkomandi tóntegundar.
- geti skráð stuttar laglínur í C-dúr í 2/4- eða 3/4-takti á tónsviðinu c'-c'' þar sem fyrir koma hljómnótur í grunnhljómi; miðað er við að upphafstónn og laghrynur sé gefinn.
- geti lesið nótur af blaði á nótnaheitum í C-dúr í G-lykli.

## Tónbil

Nemandi

- geti endurtekið eftir heyrn eftirfarandi tónbil á eigin söngsviði: hreina einund, litla þríund, stóra þríund, hreina ferund, hreina fimmund og hreina áttund.

## Hljómar

Nemandi

- geti endurtekið eftir heyrn brotna dúrþríhljóma í grunnstöðu.
- geti greint dúrþríhljóma eftir heyrn.